

<h2 style="margin: 0;">Viðbragðsáætlun</h2> <h3 style="margin: 0;">Viðmið um ófullnægjandi skólasókn</h3>	
<p>Þrep 1 Snemm- tæk íhlutun</p>	<p>Fjarvera allt að 10 dögum</p> <ul style="list-style-type: none"> □ Umsjónarkennari ræðir við nemanda og hefur samband við forráðamenn um mögulegar skýringar fjarveru. □ Umsjónarkennari upplýsir, náms- og starfsráðgjafa um stöðuna, hann ræðir við nemanda og veitir stuðning og ráðgjöf. □ Umsjónarkennari og náms- og starfsráðgjafi funda með nemanda og forráðamönnum. □ Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur og skólahjúkrunarfræðing um stöðu mála
<p>Þrep 2 Fyrstu ein- kenni skóla- forð- unar</p>	<p>Fjarvera allt að 20 dögum</p> <ul style="list-style-type: none"> □ Stofnað er teymi sem skipað er umsjónarkennara, náms- og starfsráðgjafa, deildarstjóra/skólastjórnanda, forráðamönnum og nemanda eftir atvikum og þroska. <ul style="list-style-type: none"> ○ Deildarstjóri/skólastjórnandi stýrir vinnu teymisins. ○ Kennsluráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og aðrir sérfræðingar eru kallaðir til samráðs eftir því sem við á. □ Teymið kortleggur stöðuna, finnur viðeigandi lausnir, vinnur skriflega áætlun um næstu skref og mat á árangri. □ Meta hvort þörf sé á samþættingu máls, skv. Lögum um farsæld barna
<p>Þrep 3 Viðvar- andi skóla- forðun</p>	<p>Fjarvera 20 dagar eða fleiri</p> <ul style="list-style-type: none"> □ Teymið heldur áfram vinnu með málið, leggur mat á stöðuna og leitar áfram viðeigandi lausna og úrræða. <ul style="list-style-type: none"> ○ Fulltrúi frá velferðarþjónustu kallaður til samráðs og samstarfs eftir því sem við á. □ Málinu vísað til nemendaverndarráðs sem ákvarðar hvort send er tilvísun til sérfræðiþjónustu skóla ef þörf er talin á nánari greiningar á stöðu nemanda. <p>Ef lausnir og viðbrögð sem reynda hafa verið við skólasóknarvanda skila ekki árangri, eða teymi metur að þörf sé á frekari aðgerðum, er málið tilkynnt til barnaverndar.</p>

Ef forráðamenn eru ekki tilbúnir til samstarfs um málefni barns, á hvaða þrepi sem málið er, skal upplýsa þá um að skóla beri lögum samkvæmt að tilkynna málið til barnaverndar.

Mikilvægt er að hafa í huga að miðað er við að skrá alla fjarveru nemenda frá skóla hvort sem um er að ræða veikindi, leyfi eða aðra óútskýrða fjarveru